

Námsáætlun vetur 2016 - 2017

Íslenska

4. bekkur

Áfangalýsing					
<p>Grunnbættir í íslensku eru fjórir: Talað mál og málnotkun, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Þessir þættir eru samofnir og unnið með þá sem eina heild. Íslenskukennslan er samþætt við aðrar greinar og unnið með orðaforða og hugtök þeirra í til að auka málskilning nemenda. Lögð er áhersla á samvinnu nemenda og markmið eru gerð sýnileg. Kennslustundir eru 8 á viku.</p> <p>Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir. Lesskilningur er eflur með því að vinna með hugtök, efla málskilning, orðaforða og ályktunarhæfni nemenda. Oftast er lesið fyrir nemendur í nestistímum og nemendur lesa fyrir kennara reglulega. Nemendur eiga að lesa heima upphátt alla virka daga í 10- 15 mínútur og foreldrar að kvitta fyrir á sérstakt kvittanablað. Mikilvægt er að nemendur þjálfist í að lesa fjölbreytta texta og æfi sig í að lesa upphátt og í hljóði.</p> <p>Unnið er eftir aðferðum Byrjendalæsis og Orð af orði. Í Orð af orði er unnið með einstök orð og orðasambönd þar sem orðin eru sundurgreind og mynduð ný orð úr orðaeiningum. Gagnvirkur lestur er þjálfður í skólanum þar sem markmiðið er að auka lesskilning.</p>					
Tímabil	Viðfangsefni	Markmið	Kennsluhættir/leiðir	Grunnefni	Námsmat
Ágúst-september	Lestur og lesskilningur	Að nemendur: -lesi sér til ánægju -lesi og sýni fram á skilning með því að segja frá aðalatriðum -geti aflað sér upplýsinga af rituðum texta	Lesið er 15 – 20 mínútur daglega í skólanum. Lestrarbækur eftir getu og áhuga hvers og eins. Nemendum skipt niður í pör, þeir velja sér lestrarbók og lesa saman, draga saman efnisgreinar, endursegja og forspá um innhald texta.	<i>Lesrún 1</i> <i>Skinna 1</i> Ýmis lestrar og lesskilnings verkefni frá kennara Lestrarbækur af skólabókasafni, bekkjarsafni og frá Elvu sérkennara.	
	Skrift/Ritun	-geti skrifað sögu út frá mynd -upprifjun á einföldum stafsetningarreglum	Sýnikennsla, æfingar. Hringekjur, nemendum skipt niður í hópa á stöðvar og mismunandi verkefni í gangi.		Skrift og stafsetning metin.
	Undirbúningur fyrir samræmd próf.	-kynnist uppbyggingu samræmds prófs	Innlagnir, paravinna, samlestur, umræður, tölvuver.	Eldri samræmd próf	Samræmd próf.

Október	Lestur/ lesskilningur	Að nemendur: -auki lestrarhraða sinn -auki lesskilning sinn	Nemendur þjálfaðir í að finna og velja texta sem hentar áhuga og getu. Lestraráttak Elvu sérkennara. Nemendur velja sér bækur í stofu 40 og að lestri loknum er bók og einföld umsögn skráð á eyðublað. Átakið er í 3 vikur og eftir hverja viku er fundið út og kynnt hvaða bækur eru vinsælastar.	<i>Skinna 1 Lesrún 1 og 2</i>	Leiðsagnarmat
	Málfræði	-geti raðað í stafrófsröð -viti hvað eru sérhljóðar og samhljóðar -geti myndað samsett orð -finni andheiti/samheiti orða	Innlagnir, einstaklingsvinna, paravinna, umræður, hringekjur.	Lestrarbækur	Raddlestrarpróf Leið til læsis- lessfimi
	Ritun/Skrift	-dragi rétt til stafs -skrifi læsilega og af öryggi -þjálfist í tengiskrift	Fræðslurammi –áhugasviðsverkefni. Paravinna, sögur lesnar upphátt, ræddar og spurningum svarað.	<i>Skriftarbók 3-A Fræðslurammi Fræðibækur</i>	Leiðsagnarmat
	Tjáning, samræður og hlustun	-geti staðið fyrir framan bekkjarfélaga og kynnt sitt verkefni -tjái sig skýrt og áheyrilega -geti fylgst með og hlustað á efni frá bekkjarfélögum	Kynning á áhugasviðsverkefnum. Nemendur velja sér verkefni sem þeir hafa áhuga á að kynna frekar. Fylla í fræðsluramma og rita texta út frá efni rammans.	Fræðslurammi	Frammistöðumat
Nóvember	Lestur og lesskilningur	Að nemendur: -lesi sér til ánægju -lesi og sýni fram á skilning með því að gera grein fyrir meginatriðum í texta -þekki algengar orðmyndir sjónrænt -geti lesið nokkuð lipurt einfalda texta	Yndislestur 100 algengustu orðin, nefnuhraði og bullorð þjálfuð í lestrarstundum. Lestraráttak á milli árganga skólans – 2 vikur. Lesið í skólanum, mínútur mældar og skráðar. Sá árgangur sem les lengst er verðlaunaður. Hraðlestrarpróf lagt fyrir í upphafi og lok átaks.	<i>Skinna Orðarún 1 og 2 100 algengar orðmyndir Efni frá kennurum</i>	Hljóðlestrarpróf 2x Orðarún-haust, lesskilningur
	Skrift/ritun Stafsetning	-skrifi alla stafi læsilega -nýti sér einfaldar stafsetningarreglur s.s. minn og mín reglan, stór og lítill stafur	Sýnikennsla, æfingar, umræður. Auglýsingar skoðaðar, umræður um hvað er verið að auglýsa og hver er markhópurinn.	<i>Skriftarbók 3-B Hljóðskraf Rósu Eggertsdóttur</i>	Frammistöðumat Sjálfsmat-skrift Sjálfsmat-auglýsing

	Dagur íslenskrar tungu Samræður, tjáning og hlustun	-kynnist auglýsingatexta -getur lesið eigin texta fyrir áheyrendur -geti kynnt sögu, lesið hana skýrt og áheyrilega -geti átt góð samskipti og sýnt kurteisi	Nemendur semja auglýsingar og kynna. Farið á leikskólana Krógaból og Hulduheima, létt lestrarbók lesin fyrir leikskólabörnin.	Sjónvarpsdagskrár, dagblöð, auglýsinga-bæklingar <i>Léttar lestrarbækur</i>	Sjálfsmat
Desember	Lestur og lesskilningur Skrift/ritun stafsetning Tjáning og hlustun	Að nemendur: -lesi sér til ánægju -tengi saman og dragi ályktanir út frá atburðum í texta -geti lýst persónum og hlutverkum þeirra -nýti sér ritvinnslu í tölvu -skrifi læsilega og af öryggi -nýti sér KVL við ritun–kann, vill, hefur lært -geti hlustað af athygli og endursagt leikverk	Nemendum skipt niður í pör, þeir velja sér lestrarbók og lesa saman, draga saman efnisgreinar, endursegja og forspá um innhald texta. Sýnikennsla, samvinna og æfingar að draga aðalatriði úr texta. Umræður, sýnikennsla, innlögn. Ritun í Word. Heimsókn í Hof og horft á leikþátt um Stúf. Umræður á eftir.	Lestarbækur www:mms.is/ upplýsingatækni	Raddlestrarpróf Leið til læsis-lesfimi Málfræðikönnun-samheiti, andheiti, nafnorð, lýsingarorð. Aston Index-stafsetning
Janúar	Lestur og lesskilningur Málfræði Skrift/ritun stafsetning	Að nemendur: -lesi sér til ánægju -lesi og sýni fram á skilning með því að segja frá aðalatriðum -lesi með áherslum -auki lestrarhraða sinn -geti fundið nafnorð í texta -þekki sérnöfn og samnöfn -geti greint kyn, tölu og fall nafnorða -skrifi læsilega og af öryggi	Haldið áfram að byggja upp sjónrænan orðaforða með orðarýni, orðalistum, leifturspjöldum, spilum og leikjum. Unnið í hópum með bókina <i>Ævintýri í Ingólfsfjalli</i> . Nemendur lesa saman, ræða og vinna verkefni. Rafræn útgáfa af bókinni notuð. Innlagnir, sýnikennsla, æfingar, einstaklingsvinna og samvinna. Endursögn	Lestarbækur af skólasafni <i>Ævintýri í Ingólfsfjalli</i> <i>Skinna 1 og 2 Verkefni af Skólavef Lestarbækur</i> <i>Skriftarbók 4-A Rauðka</i>	

Febrúar	Lestur og lesskilningur Samræður, tjáning og hlustun Árshátíð	Að nemendur: -geti lesið sögur, ljóð og fræðsluefni sér til ánægju og skilnings -geti beitt skýrum og áheyrilegum framburði -geti komið fram fyrir áhorfendur	Námskeið –nemendum skipt í hópa, áhersla á lesskilning, hljóðkerfisvitund, lestur á tíma og lestrarlag. Upplstur og framsögn fyrir árshátíð skólans. Framsögn og framkoma æfð fyrir litlu upplestrarkeppnina.	Lestrarbækur Sögusteinn Óskasteinn Frammistöðumat	Raddlestrarpróf Stafsetning Mat á lesskilningi - Orðarún
Mars	Lestur og lesskilningur Samræður og hlustun Málfræði Skrift, ritun og stafsetning	Að nemendur: -geti flutt undirbúið efni og haldið athygli áheyrenda í nokkurn tíma -kynnist þjóðsögum -átti sig á mismunandi textategundum -geti endursagt þjóðsögu -þekki einkenni sagnorða -geti fundið sagnorð í texta -hafi tileinkað sér algengustu stafsetningarreglur -hafi tileinkað sér ágætan skriftarhraða -geti gert útdrátt úr stuttum texta svo að aðalatriði komi fram	Upplstur, samlestur, hljóðlestur æfður fyrir litlu upplestrarkeppnina sem haldin er á sal skólans. Þjóðsögur lesnar og mismunandi textategundir bornar saman. Munnleg og skrifleg þjálfun. Stafsetning þjálfuð með upplestri, sóknarskrift og orðum skrifuðum upp af renningum. Gagnvirkur lestur notaður til að finna aðalatriði í texta.	Námsefni frá litlu upplestrarkeppninni Þjóðsögur <i>Lesrún 1 og 2</i> <i>Skinna 1 og 2</i> <i>Skriftarbók 4-A</i> <i>Hljóðskraf</i> Lestrarbækur	Lesfimi-raddlestrarpróf
Apríl	Lestur og lesskilningur Samræður, hlustun og tjáning Málfræði Skrift, ritun og stafsetning	Að nemendur -geti dregið aðalatriði úr texta -hafi vald á að lesa hina ýmsu texta fyrirhafnarlítið -þekki einkenni lýsingarorða og geti stigbreytt og fundið lo. í texta	Innlögn, samlestur, hljóðlestur, samræður, einstaklingsvinna, paravinna. Innlögn, verkefnavinna, hringekja. Lestur, umræður og verkefnavinna	<i>Lestrarbækur</i> <i>Skinna 1</i> <i>Lesrún 1 og 2</i>	

		-geti flokkað upplýsingar úr texta með aðstoð korta og ramma			
Maí		Upprifjun á markmiðum vetrarins. Þau atriði sem enn þurfa frekari þjálfunar við, þjálfuð.	Innlagnir, hópavinna/ stöðvavinna/einstaklingsvinna, umræður, upplýsingaöflun.	Lestarbækur Vinnubækur	Stafsetning Raddlestrarpróf Lesskilningur Málfræðikönnun Skriftarkönnun

Námsgögn

Skinna –námsbók í móðurmáli og verkefnabók 1, lestrarbækur af skólasafni, bækur eftir íslenska rithöfunda – Sigrún Eldjárn, Gunnar Helgason og Kristín Helga Gunnarsdóttir, bækur er tengjast goðafraeði, bókaflokkurinn *Sestu og lestu*, *Sögusteinn*, *Lesrún 1 og 2*, ýmis lesskilningsverkefni, bækur í náttúru-og samfélagsfræði, kennsluforrit á www.nams.is

Námsmat

Raddlestrarpróf er tekið 4 – 6 x á skólaárinu þ.e. í ágúst, október, desember, febrúar og maí. Niðurstöður prófanna eru gefnar í fjölda lesinna atkvæða á mínútu. Þeir nemendur sem lesa undir 155 atkvæðum eru auk þess prófaðir í febrúar/mars.
Viðmið fyrir lesin atkvæði um áramót eru: A 200 og yfir, B 160 – 199, C 125 -159, D 124 og færri.
Að vori eru: A 230 og yfir, B 180 – 229, C 150 -179, D 149 og færri.
Lesskilningsprófið Orðarún er lagt fyrir í október, desember, febrúar og apríl.
Aston Index stafsetningarpróf er lagt fyrir í október. Önnur stafsetningarpróf eru síðan í september, desember, febrúar og maí.
Kannanir í málfræði eru í desember, febrúar, apríl og maí.
Allar niðurstöður birtast í verkefnabók á Mentor.
Allir nemendur í 4. bekk taka samræmd próf í september og þegar niðurstöður þeirra prófa liggja fyrir er staða nemenda metin.
Kennarar meta sögur nemenda, skoða skrift, stafsetningu og málfar og láta nemendur vita hvaða þætti þeir þurfa að leggja áherslu á. Nemendum er síðan skipt í hópa eftir því hvað þeir þurfa að þjálfu og fá þjálfunarverkefni í hringekjum og eða stöðvavinnu.

Kennarar

Margrét Baldvinsdóttir margret@akmennt.is, Sara E. Svanlaugsdóttir sara@akmennt.is, Katrín María Hjartardóttir katma@akmennt.is
Sérkennari: Elva Ólafsdóttir elvaola@akmennt.is